

Sp.

455. Fyrirspurnir.

[212. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um sumaravinnu skólafólks.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að tryggja skólafólki næga atvinnu í sumar?

II. Til samgöngumálaráðherra varðandi lagningu svonefnds „Kísilvegur“.

Frá Jónasi Jónssyni.

1. Um hvaða heildarupphæð var samið við verktaka fyrir að leggja veg frá Laxamýri um Reykjahverfi og Hólasand til Reykjahlíðar?
2. Hve mikið hefur þegar verið greitt til verktaka, og hve mikið vegna annars kostnaðar?
3. Hve mikill kostnaður er nú talinn ógreiddur alls, og til verktaka?
4. Hefur komið til greiðslu dagsekta af hendi verktaka, og hve mikilla?
5. Hefur verklýsingunni verið breytt frá undirskrift samninga?

III. Til sjávarútvegsmálaráðherra um smíði skuttogara.

Frá Geir Gunnarssyni, Gils Guðmundssyni og Steingrími Pálssyni.

1. Hvað líður störfum skuttogaranefndar?
2. Hefur nefndin gert tillögur um ákveðna stærð skuttogara?
3. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja lánsfé til að smíða skuttogara innanlands?
4. Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um fjárhagslega fyrirgreiðslu handa væntanlegum kaupendum?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um rekstur Landssmiðjunnar.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

1. Hverjar eru ráðagerðir ríkisstjórnarinnar um frambúðarrekstur Landssmiðjunnar?
2. Hafa viðskipti ríkisstofnana við Landssmiðjuna dregizt saman síðustu árin, og ef svo er, hvers vegna?
3. Hvers vegna eru ýmis ríkisfyrirtæki látin reka málmiðnaðarverkstæði í stað þess að fela Landssmiðjunni þau verkefni?
4. Er ekki unnt að auka samvinnu Landsvirkjunar og Landssmiðju í sambandi við framkvæmdir á járnmiðnaðarvinnu við vatnsaflsvirkjanir?
5. Hvers vegna eru Landssmiðjunni ekki falin þau verkefni, sem hún getur annast fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Kísilgúrverksmiðjuna og fleiri ríkisstofnanir?
6. Hvers vegna var húsakostur Landssmiðjunnar þrengdur með því að setja þar upp verknámsdeild Iðnskólans í stað þess að ljúka við fohhelda byggingu við Iðnskólann í Reykjavík?
7. Hver var kostnaður við breytingar á því húsnæði Landssmiðjunnar, sem verknámsdeild Iðnskólans notar nú?
8. Hefur Landssmiðjan fengið greidda húsaleigu fyrir það húsnæði, sem verknámsdeildin notar?